

Fréttatilkynning

Efni: Könnun MMR á trausti almennings til áhrifafólks í samfélaginu.

Úrtak: Íslendingar á aldrinum 18-67 ára

Dagsetning: 10. desember 2008

**Jóhanna Sigurðardóttir nýtur mikils trausts hjá flestum.
Innan við helmingur segist bera mikið traust til forsetans.
78% segjast bera lítið traust til seðlabankastjóra og fjármálaráðherra.
Formenn VG, Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar meðal þeirra sem njóta mests trausts.**

Flestir, eða 64%, segjast bera mikið traust til Jóhönnu Sigurðardóttur, félagsmálaráðherra, þar á eftir kemur Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, sem 44% segjast bera mikið traust til og þá Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, menntamálaráðherra, sem 40% segjast bera mikið traust til.


Jóhanna er jafnframt sá einstaklingur sem færst segjast bera lítið traust til en 14% aðspurðra sögðust bera lítið traust til hennar. 28% sögðust bera lítið traust til Ólafs Ragnars og 33% sögðust bera lítið traust til Þorgerðar Katrínar.

Allir aðrir þeirra tuttugu og tveggja einstaklinga sem spurt var um njóta lítills trausts hjá fleirum en segjast bera mikið traust til þeirra. Þannig eru 78% sem segjast bera lítið traust til Davíðs Oddssonar, seðlabankastjóra og Árna M. Mathiesen, fjármálaráðherra, 68% segjast bera lítið traust til Björns Bjarnasonar, dóms- og kirkjumálaráðherra, 67% segjast bera lítið traust til Jóns Ásgeirs Jóhannessonar, eiganda Baugs, og Valgerðar Sverrisdóttur, formanns Framsóknarflokksins, 57% segjast bera lítið traust til Gunnars Páls Pálssonar, formanns VR, og 52% segjast bera lítið traust til Birnu Einarsdóttur, bankastjóra Nýja Glitnis. Aðrir sem spurt var um njóta lítills trausts hjá 38% til 50% svarenda.

Formenn Vinstri grænna, Sjálfstæðisflokksins og Samfylkingar eru meðal þeirra sem njóta mests trausts samkvæmt könnuninni en 31% til 33% segjast bera mikið traust til þeirra þriggja.

Hversu mikið eða lítið traust berð þú til eftirfarandi aðila?

-þeir sem sögðu „frekar/mjög lítið“ eða „frekar/mjög mikið“-



Spurt var: Hve mikið eða lítið traust berð þú til eftirfarandi aðila.

Svarmöguleikar voru mjög lítið traust, frekar lítið traust, hvorki mikið né lítið traust, frekar mikið traust, mjög mikið traust og veit ekki.

Niðurstöður sýna fjölda þeirra sem svöruðu annað hvort mjög/frekar mikið eða lítið traust.

Formenn stærstu flokkanna njóta afgerandi trausts meðal stuðningsmanna flokkanna.

Jóhanna Sigurðardóttir nýtur trausts í öllum flokkum.

Ingibjörg og Þorgerður Katrín höfða til stuðningsmanna hvorrar annarar.

Mikill munur mælist á afstöðu svarenda eftir því hvaða stjórnmálaflokka þeir segjast myndu kjósa ef kosið væri til Alþingis í dag. Meðal þeirra sem segjast myndu kjósa Sjálfstæðisflokkinn eru 87% sem segjast bera mikið traust til Geirs Haarde, formanns Sjálfstæðisflokksins, 75% segjast bera mikið traust til Þorgerðar Katrínar Gunnarsdóttur, menntamálaráðherra, og 50% segjast bera mikið traust til Guðlaugs Þ. Þórðarsonar, heilbrigðisráðherra. Davíð Oddsson, seðlabankastjóri, og Björn Bjarnason, dóms- og kirkjumálaráðherra, njóta jafnframt nokkurs trausts meðal Sjálfstæðismanna en 41% segist bera mikið traust til Davíðs og 40% segist bera mikið traust til Bjarnar.

Athygli vekur að Jóhanna Sigurðardóttir, félagsmálaráðherra, nýtur mikils trausts meðal 64% þeirra sem segjast styðja Sjálfstæðisflokkinn, það er nokkru hærra hlutfall sjálfstæðismanna en kveðst styðja ráðherra Sjálfstæðisflokksins sjálf að forsætis- og menntamálaráðherrum undanskildum. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, utanríkisráðherra, nýtur mikils trausts meðal 49% sjálfstæðismanna og Björgvin G. Sigurðsson, viðskiptaráðherra, nýtur mikils trausts meðal 35% sjálfstæðismanna. Það er hærra hlutfall en segist bera mikið traust til Árna M. Mathiesen, fjármálaráðherra, sem 24% sjálfstæðismanna sögðust bera mikið traust til.


Meðal þeirra sem segjast myndu kjósa Samfylkinguna eru 83% sem segjast bera mikið traust til Jóhönnu Sigurðardóttur, félagsmálaráðherra, 70% segjast bera mikið traust til Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur, utanríkisráðherra, 59% segjast bera mikið traust til Ólafs Ragnars Grímssonar, forseta Íslands, 43% segjast bera mikið traust til Björgvins G. Sigurðssonar, viðskiptaráðherra og 39% segjast bera mikið traust til Óssurar Skarphéðinssonar, iðnaðarráðherra.

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, menntamálaráðherra, nýtur mikils trausts meðal 52% þeirra sem segjast myndu kjósa Samfylkinguna ef kosið væri til Alþingis í dag. Það er nokkuð hærra hlutfall en segist treysta fjórum af sex ráðherrum Samfylkingarinnar.

Sé litið til þeirra sem segjast myndu kjósa Vinstri græna eru 84% sem segjast bera mikið traust til Steingríms J. Sigfússonar, formanns flokksins, 65% segjast bera mikið traust til Jóhönnu Sigurðardóttur, félagsmálaráðherra, og 52% segjast bera mikið traust til Ólafs Rangars Grímssonar, forseta Íslands.

Hversu mikið eða lítið traust berð þú til eftirfarandi aðila?

-þeir sem sögðu „frekar/mjög mikið"skipt eftir stjórnmalaflokkum-





Markaðs- og miðlarannsóknir ehf.
laugavegi 174, 105 reykjavík, íceland
kt: 461206-0850, vsk.nr. 92612
tel. 354 578 5600, fax. 354 578 5619
mmr@mmr.is, www.mmr.is

Upplýsingar um framkvæmd:

Úrtak: Einstaklingar á aldrinum 18-67 ára valdir með tilviljunaraðferð úr þjóðskrá

Könnunaraðferð: Síma- og netkönnun

Svarfjöldi: 2464 einstaklingar

Dagsetning framkvæmdar: 2.-5. desember

Nánari upplýsingar veitir: Ólafur Þór Gylfason (olafur@mmr.is / 659 5601).

Öll notkun heimil svo lengi sem heimilda er getið.

MMR starfar samkvæmt siðareglum ESOMAR, alþjóðasamtökum markaðsrannsóknafyrirtækja.